

**Mál nr. 159/2012**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega T**

**Starfsmaður í verslun slasast þegar hún féll niður úr tröppum þ. 25.4.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 12.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 30.4.2012.

**Málsatvik.**

M datt úr tröppum þegar hún var við vinnu sína. M leitaði til læknis sama dag og í vottorði læknisins Hauks Valdimarssonar segir að M hafi fengi högg á bak og lent á steingólfi. Sjúkdómsgreining var tognun og ofreynsla á brjósthrygg, tognun og ofreynsla á lendarhrygg og brot á öðrum ótlilgreindum hlutum lendarhryggs og mjaðmagrindar, samfallsbrot. M leitaði næst til læknisins þ. 11.3.2011 og hafði þá fengið slynk á bakið í byrjun desember að eigin sögn. Samkvæmt læknisvottorði Hlyns Þorsteinssonar byggt á sjúkraskýrslu bráðadeildar LSH Fossvogi segir að greining sjúklings á slysdegi hafi verið “brot á brjósthrygg og tognun í brjóstbaki og tognun í mjóbaki.” M krefst bóta úr slysátryggingu launþega hjá T og hafnar því að slysið hafi verið tilkynnt of seint til V og tilkynningafrestur sé liðinn. Í því sambandi vísar M til dóms Hæstaréttar í máli 7/2009 og þeirra lagaraka sem varða túlkun á ákvæði 1.mgr. 124. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Þá vísar M til norskra dóma í þessu sambandi. Þá bendir M á að um sé að ræða afar matskennt tímamark varðandi ársfrestinn og telur að slysið hafi ekki verið tilkynnt of seint. V hafnar bótaskyldu og telur orsakatengsl vegna slyssins og þeirra afleiðinga sem M býr við í dag séu ósönnuð. Auk þess telur V að ársfresturinn skv. 124.gr. vátryggingasamningalaga hafi verið liðinn þegar slysið var tilkynnt til V en slysið hafi verið tilkynnt þ. 4.1.2012. V segir að greining sú sem M fékk strax á slysdegi hafi verið brot á brjóskhrygg og tognun í brjóstbaki og mjóbaki og telur V að miða eigi upphaf ársfrestsins við slysdag miðað við fyrirbyggjandi gögn.

**Álit.**

Samkvæmt þeim vottorðum lækna sem fyrir liggja í málinu verður ekki annað séð en að M hafi strax á slysdegi þ.25.4.2010 fengið upplýsingar um þau atvik sem bótakrafa hennar er reist á. Krafa um bætur barst V ekki fyrr en þ. 4.1.2012 og var því ársfrestur skv. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 liðinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 22.4. 2012.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.